

Breytingar á samþykktum

Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglugerðir og reglur ásamt samþykktum mynda umgjörð um starfsemi Almenna lífeyrissjóðsins. Á hverju ári fer fram endurskoðun á samþykktum sjóðsins og skulu tillögur að breytingum á samþykktum hafa borist stjórn sjóðsins einum mánuði fyrir ársfund og ber að geta þeirra í fundarboði ársfundar.

Tillögur að breytingum á samþykktum frá sjóðsfélaga bárust sjóðnum þann 29. febrúar og fjallaði stjórn sjóðsins þær á fundi þann 19. mars.

Breytingar á samþykktum eru alla jafna tilkomnar vegna breytinga á laga- og reglugerðarumhverfi í starfsemi lífeyrissjóða og eru þá samþykktirnar aðlagðar að þeim breytingum. Einnig er oft um að ræða orðalagsbreytingar sem eru tilkomnar þar sem skerpa eða skýra þarf einstaka ákvæði samþykktu betur til að komast hjá misskilningi og mistúlkun samþykktu.

Efnislegar breytingar á samþykktum eiga sér gjarnan langan aðdraganda, tillögur eru greindar, settar fram mismunandi sviðsmyndir sem gera grein fyrir afleiðingum breytinga. Eftir slíka greiningu er síðan tekin ákvörðun um hvort tilefni sé til breytinga eða ekki.

Tillögur sjóðsfélaga að breytingum eru efnislegar breytingar er snúa að kosningu kynja í stjórn, hvernig atkvæðum er ráðstafað og atkvæðavægi sjóðsfélaga í kosningum. Rökstuðningur er nokkuð óljós og greining á almennri þörf fyrir breytingum og afleiðingum liggur ekki fyrir.

Samþykktir sjóðsins er grunnurinn að árangri Almenna lífeyrissjóðsins og er hann sá sjóður sem skilar sjóðsfélögum sínum einna bestu ávöxtun lífeyris hér á landi og veitir sjóðsfélögum sínum afburða góða þjónustu.

Ég tel að fara beri varlega í allar efnislegar breytingar á samþykktum sjóðsins og sé það gert er það gert að undangenginni ýtarlegri greiningu á þörf fyrir breytingum og afleiðingum breytinga. Ég get ekki mælt með því að fyrirbyggjandi tillögur frá sjóðsfélaga að breytingum á samþykktum verði samþykktar að svo stöddu.

Ég þakka Kristófer Má Maronssyni fyrir tillögurnar. Þær vekja upp umræðu um jafnrétti, jafnræði og eignarrétt og hvernig staðið er þeim málum í samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins. Við munum halda þeirri umræðu áfram.